



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir þrettándabrennu og flugeldasýningu þann 6. janúar 2024 á brennustæði við Gufunesbæ.

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborg

Heimilisfang: Ráðhúsið

Póstnúmer: 101

Kennitala: 530269-7609

Útgáfudagur leyfis: 21. nóvember 2023

Gildir til: 21. nóvember 2035

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með tímabundið starfsleyfi fyrir brennu og flugeldasýningu 6. janúar 2023 frá kl. 16:00 til 21:00 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir brennur og Leiðbeinandi reglum fyrir áramótabrennur.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 21. nóvember 2023

  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
REYKJAVÍKUR



**Fylgiskjal 1**

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

**Austurmiðstöð, þjónustumiðstöð fyrir Árbæ,  
Norðlingaholt, Grafarvog, Grafarholt, Úlfarsdal og  
Kjalarnes.**

kt. 530269-7609

Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík

vegna þrettándabrennu og flugeldasýningar, þann 6. janúar 2024.

**1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur móttók þann 17. október 2023 umsókn Austurmiðstöðvar, kt. 530269-7609, dags. 16. október 2023, um tímabundið starfsleyfi fyrir þrettándabrennu og flugeldasýningu á brennustæði Reykjavíkurborgar við Gufunes.

Móttaka umsóknarinnar var auglýst 18. október 2023 á heimasíðu embættisins <https://reykjavik.is/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>. Samhliða var unnin tillaga að starfsleyfi til auglýsingar.

**2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa**

Brennan og flugeldasýningin fara fram á borgarlandi og engar byggingar eru nýttar í starfseminni. Ekki var leitað umsagan hjá skipulags- eða byggingarfulltrúa.

**3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að tímabundnu starfsleyfi fyrir þrettándabrennu og flugeldasýningu á brennustæði Reykjavíkurborgar við Gufunes þann 6. janúar 2024 á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/tillagur-ad-starfsleyfi-i-auglysingu>. Tillaga að starfsleyfi var unnin í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og ákvæði reglugerðar nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Í tillögunni er lagt til að með starfsleyfinu gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir brennur og leiðbeinandi reglur fyrir áramótabrennur. Í starfsleyfisskilyrðum eru m.a. ákvæði um eftirlit með söfnun í bálkóst, leyfilegan eldsmat, mengunarvarnir og hreinsun að brennu lokinni auk ákvæða um lágmarksfjarlægð frá íbúðarbyggð, matvælaframleiðslu og öðrum viðkvæmum rekstri Auglýsingin var birt þann 18. október 2023 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út 16. nóvember 2023



#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfum.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi við afgreiðslu þess.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis**

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn fyrir 10 áramótabrennur á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, skrifstofu reksturs- og umhirðu borgarlandsins tekin fyrir á 1741. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 21. nóvember 2023 og samþykkt að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir þrettándabrennu og flugeldasýningu á brennustæði Reykjavíkurborgar við Gufunes þann 6. janúar janúar 2024. Þurfi að fresta brunnum vegna veðurs að annarra óviðráðanlegra ástæðna gildir starfsleyfið fyrir nýjan starfstíma í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 3. september 2026.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

---

Guðjón Ingi Eggertsson  
heilbrigðisfulltrúi

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR brennu \_\_\_\_\_ (dags, mán, ár)

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

|                                                                                                                                                                                                                                     | Rgl.nr.             | Uppfyllt |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|----------|
| 1.1 Leyfið tekur til _____ brennu, á _____ þann _____ með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum: | 550/2018<br>5. gr.  |          |
| 1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.                                                                                                                                                           | 550/2018<br>56. gr. |          |

## 2. SKILYRÐI

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                            | Rgl.nr.                            | Uppfyllt |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------|----------|
| 2.1 Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluysfirvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.                                                                                                                                                                  | 325/2016                           |          |
| Veitt er leyfi fyrir allt að _____ m <sup>3</sup> að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Mannvirkja-stofnunar, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra. <sup>1</sup> “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.” | 325/2016                           |          |
| 2.2 Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.                                                                                                                                                                                                                            | 325/2016                           |          |
| 2.3 Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma                                                                                                 | 550/2016<br>52. gr. og<br>325/2016 |          |

<sup>1</sup> Gefið út af þáverandi stofnunum (Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins).

|     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |                                                                         |  |
|-----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|--|
|     | áður en kveikt er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                         |  |
| 2.4 | Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 325/2016                                                                |  |
| 2.5 | Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmíefni (s.s. plastkassar, fiskikör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu. | 325/2016<br>3., 18. og<br>23. gr. og<br>rgl. nr.<br>550/2018<br>56. gr. |  |
| 2.6 | Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra <sup>2</sup> frá 7. desember 2000.                                                                                                                                                                                                                                                                                     | 325/2016                                                                |  |
| 2.7 | Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.                                                                                                                                                                                                                           | 325/2016<br>18. og 23.<br>gr. og rgl.<br>nr.<br>737/2003<br>11. gr.     |  |
| 2.8 | Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar ár hvert.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 414/2017,<br>6. gr.                                                     |  |
| 2.9 | Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðisnefndar til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | 550/2018<br>og rgl. nr.<br>325/2016                                     |  |

**Starfsleyfis skilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

<sup>2</sup> Gefið út af þáverandi stofnunum (Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins).



## Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi

### 1. Lóð, athafnasvæði og húsnaði

- 1.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnaði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 1.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnaðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 1.3 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 1.4 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 1.5 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

### 2. Meðferð hættulegra efna

- 2.1 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið, ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða.
- 2.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að ekki stafi hætta af þeim.
- 2.3 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á hættulegum efnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.

### 3. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 3.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 3.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti



- farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 3.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
  - 3.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
  - 3.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
  - 3.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
  - 3.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Samskonar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
  - 3.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - 3.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

#### 4. Mengunarvarnir

- 4.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 4.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á. m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 4.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi mengun. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 4.4 Mengunarvarnir skulu vera samþættar, sbr. gr. 14 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 4.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlanir vegna mögulegra mengunaróhappa. Viðbragðsáætlanir skulu hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu og ber að fara yfir þær með starfsmönnum reglubundið. Æfa skal viðbrögð við mengunaróhöppum a.m.k. einu sinni á ári.





- 4.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 4.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar eða hávaða. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar.sbr. gr. 4.2.
- 4.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökvann. Uppsogsgeta búnaður skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 4.9 Þar sem olíuefni af jarðolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 4.10 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.
- 4.11 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerðar nr. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur, reglugerðar nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang.

## 5. Eigið eftirlit og skráning

- 5.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.





- b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Ennfremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
- d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## 6. Ýmiss ákvæði

- 6.1 Eintak af skilyrðunum skulu ávallt tiltæk á vinnustað og skal forráðamaður fyrirtækisins bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 6.2 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfseminni fer skv. 12.gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 6.3 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu með a.m.k. 4 vikna fyrirvara ef fyrirhugaðar eru breytingar á atvinnurekstrinum.
- 6.4 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um meiri háttar mengunarslys sem kunna að verða.
- 6.5 Um endurskoðun starfsleyfis skal fara skv. ákvæðum í kafla IX í reglugerð nr. 785/1999.
- 6.6 Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

Samþykkt á 61. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 12. febrúar 2013.